



ÁRSSKÝRSLA

2000



LÖGGILDINGARSTOFA





EFNISYFIRLIT

	Bls.
Ávarp forstjóra2
Skipurit4
Um stofnunina5
Faggilding7
Markaðsgæsla9
Mælifraði12
Rafmagnsöryggi15
Ný verkefni20



Opinbert eftirlit hefur tekið stakkaskiptum á undanföllum árum. Eðli eftirlits hefur breyst því ábyrgð þeirra sem eftirlitið beinist að hefur verið aukin. Í stað hefðbundins eftirlits opinbers embættismanns sinna starfsmenn faggiltra skoðunarstofa nú athugunum í æ ríkari mæli. Verklagsreglur, efnisleg viðhorf og innri gæðakerfi fyrirtækja hafa í auknum mæli leyst af hólmi ákvarðanir byggðar á tilviljunarkenndum forsendum og á stundum á hreinum geðþótta. Opinbert eftirlit byggist á því að öllum, skoðunarmönnum, þeim sem eftirlitið beinist að og eftirlitsstjórnvaldinu, sé ljóst hver viðmiðin eru.

Þessi nýju viðhorf í eftirliti byggja á því grundvallarviðmiði að hið opinbera, atvinnulífið og neytendur hafi sameiginlegan hag af eftirlitinu. Til að tryggja samstöðu um eftirlitið verður það að vera hagkvæmt og kostnaður við það að vera í réttu samhengi við samfélagslegan ávinning af því. Atvinnulífið verður að hafa fullvissu fyrir því að eftirlitið sé ekki dýrara en nauðsyn ber til. Stjórnvöld verða að tryggja að hagkvæmni eftirlitsins og stjórnvaldshlutverk eftirlitsaðilans sé tryggt. Síðast en ekki síst verður eftirlitspoli að geta treyst því að við eftirlitið hafi verið farið að skýrt mörkuðum leikreglum og að ákvarðanir eftirlitsmanna séu ekki byggðar á óljósri tilfinningu þeirra eða geðþótta.

Af þessari ástæðu er neytendavernd aðalviðfangs efni ársskýrslu Löggildingarstofu fyrir árið 2000. Með starfi sínu leggur Löggildingarstofa neytendum

til marga mikilvægustu þætti í öflugri neytendavernd, sem í raun má skilgreina sem hinar tæknilegu forsendur hennar. Markaðsgæsludeild annast markaðseftirlit með öryggi almennrar vöru, öryggi leikfanga og persónuhlífa til einkanota, auk þess að hafa viðamiklu hlutverki að gegna við samhæfingu og samræmingu markaðseftirlits sem að lögum heyrir undir aðrar stofnanir. Þá hefur Löggildingarstofa með höndum löggildingu mælitækja og voga í verslunum sem stuðla í auknum mæli að réttmætum viðskiptaháttum. Mælifræðideild tryggir að mælingar á Íslandi séu réttar, til hagsbóta fyrir atvinnulífið og neytendur. Faggildingarvið stofnunarinnar annast faggildingu á skoðunar- og rannsóknastofum. Faggildingin gerir slíkum stofnum kleift að fullnægja ítarlegum kröfum stjórnvalda um skoðun og prófun á vörum í þágu öryggis og heilsu almennings og umhverfisverndar. Síðast en ekki síst hefur rafmagnsöryggisdeild eftirlit með raforkuvirkjum, neysluveitum og öryggi raffanga, auk löggildingar á rafverktökum og viðurkenningar á innri öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka.

Löggildingarstofa er um margt óhefðbundin opinber eftirlitsstofnun því að hlutverk hennar er að innleiða nútímaleg vinnubrögð í opinberu eftirliti. Ber þar fyrst að nefna að svið stofnunarinnar eru að mörgu leyti ólík þrátt fyrir að þau snúi beint og óbeint að neytendavernd. Í annan stað má nefna að stór hluti útgjalda stofnunarinnar fer til greiðslu fyrir þjónustu sem keypt er af faggiltum prófunar- og skoðunarstofum. Þessar stofur sinna eftirlitsþættinum sjálfum í fyrirtækjunum, á grundvelli skýrt markaðra reglna sem Löggildingarstofa setur, og skila stofnuninni skýrslum um ástand mála. Þannig helst sá kostnaður sem eftirlitspolar greiða fyrir eftirlitið í lágmarki. Þessi verkefni voru á árum fyrr unnin af opinberum starfsmönnum, án þess að til grundvallar væru lögð skilgreind og skjalfest efnisleg eða tæknileg viðmið. Stofnunin beitir nútímalegum eftirlitsaðferðum til að sinna margfalt viðtækara eftirliti en ætla mætti sé eingöngu litið til fjölda starfsmanna. Af þessu leiðir einnig að stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar verður skýrara, því að hún byggir ákvarðanir sínar á niðurstöðum faglega hæfra aðila sem eru óháðir og komast að sínum niðurstöðum út frá faglegum forsendum.




Innan veggja stofnunarinnar býr þekking til að tryggja skilvirkni stjórnvaldspáttar eftirlitsins. Markmið Löggildingarstofu er að sýna sveigjanleika, aðlögunarhæfni og fagmennsku í hvívetna og vera þannig í stakk búin til að taka við nýjum verkefnum. Vel menntað starfsfólk með fjölbreytta reynslu og faglega hæfni er lykilauður hennar.

Opinbert eftirlit mun í framtíðinni verða æ flóknara og fjölpættara. Stjórnvöld munu á næstu árum og áratugum þurfa að tryggja virkt eftirlitskerfi á sífelld fleiri sviðum samfélagsins. Öryggi matvöru og þeir erfiðleikar sem þar blasa við, t.d. á Vesturlöndum, segja allt sem segja þarf í því efni. Jafnframt er ljóst að kostnaður við eftirlit mun aukast og að þeir sem eftirlitið beinist að munu í auknum mæli bera kostnað af því. Aukin áhersla mun verða lögð á að farið verði eftir efnislegum viðmiðunum í eftirliti þannig að tryggt sé að allir nauðsynlegir þættir starfsseminnar verði í reynd skoðaðir og prófaðir í reglubundnu eftirliti. Aukin þörf fyrir tæknilegt eftirlit mun því kalla á nauðsyn skilvirkara og hagkvæmara eftirlits á vegum hins opinbera.

Skipulagt eftirlit sem byggir á faggildingu, hæfum skoðunarmönnum, skoðunarhandbókum og skýrum verklagsreglum opinberra aðila mun skapa forsendur til að draga úr tvíverknaði og óþarfa kostnaði. Löggildingarstofa stefnir að því að verða í stakk búin til að sinna lykilllutverki í þeirri óhjákvæmulegu þróun opinbers eftirlits sem framundan er.

A handwritten signature in blue ink, which appears to be "Erlingur Trautmann".





Ný húsakynni Löggingingarstofu

Um miðjan apríl flutti Löggingingarstofa aðsetur sitt frá Síðumúla 13 í Höfðaborg, nýtt og glæsilegt húsnæði að Borgartúni 21. Segja má að löngu tíma- bært hafi verið að flytja í nýtt húsnæði enda var far- ið að þrengja verulega að starfsemi. Í Borgartún- inu er rúmgott og allt starfsumhverfi eins og best verður á kosið. Mælifræðideild Löggingingarstofu er þó enn í Síðumúla 13 en til stendur að deildin færi einnig aðsetur sitt í Borgartúnið fyrir árslok 2001.

Stjórn Löggingingarstofu

Viðskiptaráðherra skipar þrjú menn í stjórn Lög- gildingarstofu til þriggja ára í senn. Stjórnina skipa Haukur Ingibergsson, formaður, Drífa Sigfúsdóttir og Egill B. Hreinsson. Stjórnin hefur umsjón með rekstri stofnunarinnar og samþykkir starfsáætlanir hennar, fjárhagsáætlanir og fjárhagsuppgjör, gerir tillögu til ráðherra um gjaldskrá og sér til þess að starfshættir séu á hverjum tíma gagnsæir.

Mannabreytingar

Á árinu hvarf Sæmundur Vilhjálmsson til ann- arrar starfa og Haukur Ársælfsson lét af störfum fyrir aldurssakir. Tveir nýir starfsmenn bættust við á ár- inu, þau Guðmundur Árnason sem hóf störf hjá mælifræðideild og Þórunn Erhardsdóttir sem m.a. sinnir málefnum er varða eðalmálma og tæknilegar tilkynningar.

Gæðamál

Á árinu var unnið að áframhaldandi uppbyg- gingu og þróun gæðakerfis Löggingingarstofu. Hlut- verk gæðakerfis er fyrst og fremst að tryggja að til séu skilgreindir verkferlar sem eru í samræmi við lögbundið hlutverk stofnunarinnar þannig að tryggt sé að allar ákvarðanir hennar séu teknar á sam- ræmdan hátt, með hliðsjón af verklýsingum og stöðluðum eyðublöðum. Unnið var að gæðahand- bók stofnunarinnar og gæðastefna hvernar deildar fyrir sig mörkuð. Auk þessa var unnið að uppbyg- gingu samhæfðs flokkunarkerfis gagna sem eru á pappír- og/eða tölvutæku formi.



Í framtíðinni mun heimasíðan www.ls.is verða nýtt ennfrekar til þess að miðla upplýsingum og fræðslufni til neytenda, innflytjenda, framleiðenda og fagmanna hinna ýmsu sviða.

Drög að lögum og reglugerðum

Fjöldmörg drög að lagafrumvörpum og reglugerðum voru send Löggingdarstofu til umsagnar. Má þar helst nefna drög að frumvarpi til laga um Brunamálastofnun, frumvarpi til laga um lækningataeki, frumvarpi til laga um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, drög að reglugerð um verslun, innflutning og meðferð skotelda og reglugerð um tilkynningar á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu.

Erlendar heimsóknir

Þann 23. nóvember komu í heimsókn góðir gestir alla leið frá Guatemala.

Um var að ræða fimm manns, frá ráðuneytum, rannsóknastofum og einkafyrirtæki sem komu hingað til lands til að fræðast um tilurð, uppbyggingu og rekstur ýmissa þátta varðandi samræmismat (Conformity Assessment) en undir það fellur m.a. faggilding, mælifræði og markaðsgæsla.

Þann 7. des. komu Eli Davidsen stjóri og Eilev Lindberg eftirlitsmaður frá Vinnueftirlitinu í Færeyjum í heimsókn. Gestunum var m.a. kynnt faggilding og lögmaelifræði með sérstakri áherslu á ósjálfvirkar vogir. Að loknum umræðum var gestunum sýnd aðstaða mælifræðideildar.

Starfsfólk

Árni R Guðmundsson	arni@ls.is
Ársæll Þorsteinsson	arsaell@ls.is
Birgir Ágústsson	birgir@ls.is
Birna Hreiðarsdóttir	birna@ls.is
Fjóla Guðjónsdóttir	fjola@ls.is
Gísli H Friðgeirsson	gisli@ls.is
Guðmundur Árnason	gudmundur@ls.is
Gunnþór Sigurðsson	gunndor@ls.is
Gylfi Gautur Pétursson	gylfi@ls.is
Jóhann Ólafsson	johann@ls.is
Kristinn Björnsson	kristinn@ls.is
Sigurlinni Sigurlinnason	sigurlinni@ls.is
Snæbjörn Kristjánsson	snaebjorn@ls.is
Þorbjörg Guðný Aradóttir	thorbjorg@ls.is
Þór Gunnarsson	tor@ls.is
Þórdís Þorbergsdóttir	thordis@ls.is
Þórunn Erhardsdóttir	thorunn@ls.is

Faggilding er formleg viðurkenning á hæfni aðila til að stunda starfsemi á sviði rannsókna, prófunar, skoðunar eða vottunar.

Faggildingarsvið tók til starfa 1992, samkvæmt lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992, til að annast faggildingu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda á sviði skoðunar, prófunar og vottunar samkvæmt evrópsku EN 45000 staðlaröðinni og viðeigandi alþjóðlegum ISO-stöðlum og leiðbeiningum.

Þá metur faggildingarsvið tilnefnda aðila, þ.e. prófunarstofu, vottunarstofu eða skoðunarstofu sem stjórnvöld tilnefna til að annast samræmismat á tilteknum vöruflokkum samkvæmt forsendum sem eru sameiginlegar á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), en samræmismat er kerfisbundin athugun á því að hve miklu leyti vara, ferli eða þjónusta uppfyllir tilgreindar kröfur.

Faggildingarsvið annast hér á landi málefni sem lúta að góðum starfsvenjum við rannsóknir (GLP) og nær til allra efnarannsókna þar sem þörf er á gagnkvæmri viðurkenningu á niðurstöðum prófana á efnum vegna viðskipta með þau á EES-svæðinu. Frjáls flutningur vöru, fjármagns, þjónustu og starfsfólks er leyfður innan EES-svæðisins.

Frjáls viðskipti byggjast á trausti á vöru og þjónustu og geta því aðeins orðið árangursrik ef s.k. tæknilegar viðskiptahindranir eru ekki til staðar. Sem dæmi má taka að í stað mismunandi reglna í aðildarríkjunum gilda nú samræmdar reglur um markaðssetningu þar sem staðlar, mælifræði, markaðseftirlit, vottanir og prófanir gegna lykilhlutverki. Faggilding er síðan tæki stjórnvalda til að skapa trúnað og traust. Lönd EES-svæðisins hafa sett upp net faggildingarstofa sem tryggir að hæfni prófunar-, skoðunar- og vottunarstofa er metin samkvæmt sömu meginreglum sama hvar í Evrópu stofurnar eru staðsettar. Matið er gert samkvæmt samhæfðum evrópskum og alþjóðlegum stöðlum. Faggilding gegnir ekki aðeins mikilvægu hlutverki innan EES heldur einnig í öðrum löndum Evrópu og annars staðar í heiminum vegna alþjóðlegra viðskiptasamninga.

Íslensk fyrirtæki og viðskiptavinir þeirra, bæði innlendir og erlendir, njóta góðs af gagnkvæmri viðurkenningu á skýrslum og vottorðum þeirra vegna samstarfs faggildingarsviðs við aðrar faggildingarstofur í Evrópu.



Faggildingarsvið veitir, viðheldur, endurnýjar eða dregur til baka faggildingu í samræmi við leiðbeiningar EA, Evrópusamtaka faggildingarstofa, og í samstarfi við SWEDAC, sænsku faggildingarstofuna, en þannig fær faggildingarskjal fyrirtækis eða stofnunar alþjóðlega viðurkenningu. Fyrirtæki sem fær faggildingu verður að starfa samkvæmt tilteknum staðli sem er alþjóðlega viðurkenndur og samþykktur. Faggildingarskjal gefur til kynna þá staðreynd að fyrirtæki starfi samkvæmt viðeigandi staðli og á faglegan hátt. Þetta gefur góða mynd af fyrirtækinu gagnvart viðskiptavinum þess og stjórnvöldum.

Opinberar kröfur eru gerðar um faggildingu til þess að sýna fram á samræmi við kröfur í lögum og reglugerðum. Faggilding getur dregið úr þörf fyrir reglugerðir með því að leggja til aðra leið til að tryggja áreiðanleika starfsemi sem gæti haft áhrif á traust neytenda. Faggilding ýtir undir val á trúverðugum framleiðendum án þess að höfð séu bein áhrif á markaðinn. Þetta val er hvatning til heilbrigðrar samkeppni og einnig til nýjunga sem gagnast síðan neytendum.

Faggilt starfsemi

Á árinu 2000 voru starfandi tíu fyrirtæki sem stunduðu faggilta starfsemi hérlandis, á sjö mismunandi fagsviðum. Þessi fyrirtæki voru öll heimsótt vegna árlegs eftirlits eða endurmats á þeim hluta starfsemi þeirra sem er faggilt. Þetta eru prófunarstofur sem gera efna- og örverumælingar á matvællum, vatni og fódri og prófunarstofa í lögmaðlfræði. Skoðunarstofur störfuðu við skoðun ökutækja, raforkuvirkja, í sjávarútvegi og við skoðun leik- og rafanga á markaði. Ein vottunarstofa vottaði lífræna landbúnaðarframleiðslu. Alls eru þetta 13 svið sem fyrirtækin 10 annast en fjöldi þeirra hélst óbreyttur á árinu. Í töflu 1 er sýndur fjöldi faggildinga eftir tegund stofu og fagsviði.

Þá störfuðu 49 verkstæði um allt land sem hafa fengið B-faggildingu til endurskoðunar ökutækja og prófunar á ökuritum og hraðatakmarkurum. B-faggilding er frábrugðin hefðbundinni faggildingu að því leyti að ekki eru gerðar eins strangar kröfur og koma fram í staðlinum ÍST EN 45004 um skoðunarstofur en kröfur vegna B-faggildingar koma fram í íslenskum reglugerðum fyrir viðkomandi fagsvið.

Á árinu var í fyrsta sinn lagt mat á tilnefndan að-

Tafla 1.
Fjöldi faggildinga eftir tegund stofu og fagsviði

Tegund stofu	Fagsvið	Fjöldi
Prófunarstofa	Matvæli, fódur, vatn	3
Prófunarstofa	Lögmaðlfræði	1
Skoðunarstofa	Ökutæki	3
Skoðunarstofa	Rafmagn	2
Skoðunarstofa	Sjávarútvegur	2
Skoðunarstofa	Markaðseftirlit	1
Vottunarstofa	Lífræn landbúnaðarframleiðsla	1

ila (Notified Body) hérlands og var það prófunarstofa fyrir ósjálfvirkan vogarbúnað. Matið fór fram með svipuðum hætti og fyrir faggildingu. Prófunarstofan fullnægði settum skilyrðum og er nú skráð í samevrópska skrá yfir tilnefnda aðila hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem heldur skrá yfir tilnefnda aðila á ýmsum sviðum fyrir svæðið.

Á faggildingarsviði starfaði einn maður í fullu starfi árið 2000 en matsstjóri sem leiðir faggildingarmat eða árlegt eftirlit með faggiltri starfsemi verður

að vera fastur starfsmaður faggildingarsviðs. Vegna starfsemi sinnar þarf faggildingarsvið að hafa á sínum vegum hæfa matsmenn á þeim tæknisviðum sem faggilding nær til. Þessari þörf hefur verið mætt með samstarfi við sænsku faggildingarstofuna SWEDAC og með því að fá til starfa tæknilega matsmenn eða sérfræðinga vegna einstakra úttekta. Sjö matsmenn störfuðu fyrir faggildingarsvið sem matsstjórar, tæknilegir matsmenn eða sérfræðingar og er áætlað að starf þeirra jafngildi um það bil hálfu ársverki.

Innlent samstarf

Samstarf var haft við stjórnvöld sem framfylgja löggjöf þar sem krafist er faggildingar svo sem dómsmálaráðuneyti á ökutækjasviði, Fiskistofu á sjávarútvegssviði, Löggildingarstofu vegna skoðunar raforkuvirkja og markaðseftirlits og viðskiptaráðuneyti vegna tilnefnds aðila og reglugerðar um góðar starfsvenjur við rannsóknir.

Erlent samstarf

European co-operation for Accreditation (EA) er samstarfsvettvangur faggildingaraðila í Evrópu. Aðild að EA eiga 30 faggildingarstofur í löndum Evrópu. Faggildingarsvið tekur þátt í þessu samstarfi, sem miðar að því að tryggja að faggilding og faggilt starfsemi sé samræmd og leiði til sömu niðurstöðu hvar svo sem hún á sér stað.

Á síðasta aðalfundi EA var faggildingarsviði falin formennska í vinnuhópi sem ætlað er að gera drög að leiðbeiningum um notkun staðalsins EN 45004 vegna reksturs, faggildingar og eftirlits með skoðunarstofum sem sinna reglubundinni skoðun ökutækja. Í þessum vinnuhópi eru fulltrúar frá tveimur öðrum faggildingarstofum og fulltrúar hagsmunaaðila á sviði eftirlits og skoðunar ökutækja, svo sem frá opinberu eftirliti, einkareknum skoðunarstofum og alþjóðasamtökum skoðunaraðila á þessu sviði.

Á Norðurlöndum tók faggildingarsvið þátt í starfi Nordic Forum for Accreditation (Norda) sem heldur einn fund á ári. Samstarf við SWEDAC, systurstofnun okkar í Svíþjóð, er talsvert enda hefur samstarfs-samningur við hana verið í gildi allt frá árinu 1990.

Starfsemi markaðsgæsludeildar miðar að því að tryggja að einungis séu öruggar vörur á markaði, en starfsemin leiðir af skuldbindingum Íslands á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) um frjálst flæði vöru á svæðinu. Með lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995 var efni tilskipunar Evrópusambandsins um öryggi framleiðsluvöru (92/59/EBE) lögfest hér á landi.

Frá miðju ári 1997 hefur markaðsgæsludeild Lög-gildingarstofu alfarið sinnt málefnum sem varða öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu á þeim sviðum sem löggin ná til, svo og samhæfingu markaðseftirlits eins og áskilið er í lögnum. Einnig sinnir deildin eftirliti með öryggi leikfanga og hættulegra eftirlitlinga í samræmi við reglugerð nr. 408/1994 og persónuhlifa til einkanota, sbr. reglugerð nr. 635/1999.

Innan markaðsgæsludeildar er nú til staðar yfirgripsmikil vitneskja um reglur á Evrópska efnahags-svæðinu um öryggi vöru. Nauðsynlegt er að byggja á þeirri reynslu sem nú er fyrir hendi til að koma á heildstæðu kerfi eftirlits á markaði með öryggi vöru og stjórnvaldspætti slíks eftirlits. Mikilvægur áfangi að því marki er að koma á fót markaðsgæsluráði með þátttöku annarra eftirlitsstjórnvalda.


Markaðsgæsla og rekstur markaðseftirlits

Opinber markaðsgæsla merkir skipulagða viðleitni stjórnvalda til að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur um öryggi, heilsu- og umhverfisvernd. Markaðsgæsla skiptist í eftirlit á markaði með öryggi vöru sem skoðunarstofa sinnir og stjórnvaldspáttinn sem markaðsgæsludeild annast. Eftirlitsstjórnvöldum ber að fylgjast með því að vörur sem settar eru á markað uppfylli settar kröfur. Þetta á við bæði um öryggiskröfur, þ.e. að vara sé ekki hættuleg og formkröfur, svo sem að réttar merkingar og áletranir séu til staðar. Komi í ljós að vara uppfylli ekki settar kröfur ber eftirlitsstjórnvöldum að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Skilvirk markaðsgæsla hefur einnig í för með sér að eftirlitsstjórnvöld hafa náð samstarf við framleiðendur og dreifingaraðila vöru. Starfið felst ennfremur í að koma upplýsingum á framfæri til neytenda um öryggi vöru og aðvörnum um hættulega vöru á markaði.


Skoðunarstofan Frumherji hf. sinnir eftirliti á markaði með almenntri vöru og leikföngum samkvæmt samningi sem gerður var í lok árs 1999 og gildir til 3ja ára. Skoðun á leikföngum er faggilt, en stefnt er að faggildingu á eftirliti með almenntri vöru. Í samningnum er m.a. kveðið á um tiltekinn fjölda skoðana á markaði, skýrslugerð og upplýsingagjöf. Haldnir eru reglulegir samvinnunefndarfundir markaðsgæsludeildar og skoðunarstofu þar sem m.a. eru lagðar fram beiðnir um skoðun á vöru og skýrslur móttekna, auk annarra verkefna sem nánar eru tilgreind í samningnum.

Innlendar ábendingar 2000



Á árinu voru skráð mál sem bárust deildinni 208 talsins. Af þeim voru innlendar ábendingar 77 og erlendar tilkynningar 131. Með innlendum ábendingum er átt við ábendingar um hættulega vöru á markaði, beiðni um upplýsingar og fræðslu eða almennar fyrirspurnir. Með rökstuddum úrskurði voru sett sölubönn á fjórar tegundir vöru sem ekki uppfylltu kröfur lögum samkvæmt. Um var að ræða tvær tegundir kveikjara, barnagalla með reimum og brúðuvagn. Voru tilkynningar þar um sendar í gegnum tilkynningakerfi Rapex kerfisins til allra aðildarlanda EES svæðisins.

Innkomin mál alls árið 2000




Fyrirkomulag erlendra tilkynninga

Rapex tilkynningakerfið (Rapid exchange of information) nær til allra aðildarlanda Evrópska efnahagssvæðisins. Ef hættuleg vara finnst í einu aðildarríkjanna er tilkynning þar að lútandi send til annarra aðildarríkja og er þeim skylt að bregðast með viðeigandi ráðstöfunum. Rapex kerfið byggist á tilskipunin um öryggi framleiðsluvöru, en gert er ráð fyrir að einn aðili í hverju aðildarlanda EES annist samskipti við ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, vegna skipta á upplýsingum um hættulegar vörur. Hér á landi hefur markaðsgæsludeild Löggildingarstofu verið falið þetta hlutverk lögum samkvæmt.

Markaðsgæsludeild annast enn fremur milligöngu á tilkynningum sem falla undir verksvið annarra eftirlitsstjórnvalda. Umfang Rapex tilkynninga hefur aukist töluvert á undanförunum árum og er ekki séð fyrir endann á þeirra þróun.

Fjöldi erlendra tilkynninga (Rapex)



Markaðskannanir, prófanir og fræðsla

Auk reglubundinna athugana á vöru á markaði fól markaðsgæsludeild skoðunarstofu að gera markaðskannanir á leikreiðhjólum, vatnsleikföngum og hlaupahjólum á árinu. Tilgangur slíkra kannana er að koma upplýsingum á framfæri til neytenda, fá yfirsýn yfir markaðinn og vinna að öryggi vöru á markaði.

Á vegum markaðsgæsludeildar voru tvær vörutegundir sendar til prófunar erlendis, auk þess sem mælifræðideild Löggildingastofu framkvæmdi prófun á magnmerkingum ungbarnapela. Þá tók markaðsgæsludeild þátt í verkefni um prófun á öryggi kveikjara í samvinnu við PROSAFE, samtök eftirlitsstjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu. Auk þessa var m.a. unnið að samantekt um barnavörur og kerti.

Tekin var saman skýrsla um barnasnuð og kosti/ókosti þess að nota latex eða silicon í framleiðsluna.

Í samstarfi við Vinnueftirlitið var gefinn út fræðslubæklingur um persónuhlífar og var honum dreift til verslana sem selja persónuhlífar. Í lok ársins var unnið myndband um öryggi skotelda í samvinnu við Slysavarnafélagið Landsbjörg og Árvekni.

Samstarf eftirlitsstjórnvalda

Lögum samkvæmt er eitt af meginhlutverkum markaðsgæsludeildar að annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu í samvinnu við önnur eftirlitsstjórnvöld með það að markmiði að tryggja hagkvæmni og samhæfingu. Á árinu var unnið ótullega að þessu markmiði, en helstu samstarfsverkefni á þessu sviði voru eftirfarandi:

Vinnu og samstarfshópar

- Samstarf á sviði eftirlits með snyrtivörum, leikvallatækjum, byggingarvörum, eldfimi efna og kveikjara, auk brunamálefna (*umhverfisráðuneyti*).
- Skipulag markaðsgæslu með persónuhlífum (*Vinnueftirlit ríkisins*).
- Eftirlit á markaði með lækningatækjum (*heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið*).
- Skoteldar, öryggisbelti og búnaður barna í bifreiðum (*dómsmálaráðuneytið*).
- Eftirlit með skemmtibátum, björgunarbúnaði, bátaleigum ofl. (*Siglingamálastofnun*).
- Brunamálefni, s.s. kerti og eldvarnaröryggi í hótélum (*Brunamálastofnun*).
- Samvinnunefnd Löggildingarstofu, Hollustuverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Árvekni um smáhluti í matvælum.

Nefndir

- Þáttaka í nefnd á vegum umhverfisráðherra sem ætlað er að koma með tillögur að reglugerð um öryggi leikvallatækja og eftirlit með þeim.
- Formennska í nefnd á vegum dómsmálaráðherra sem ætlað er að koma með tillögur um lögleiðingu öryggisbelta í hópferðabifreiðum.
- Seta í verkefnastjórn Árvekni, átaksverkefni um slysavarnir barna og unglunga.

Samráðshópur um öryggis og staðlamál

Samráðshópur um öryggis- og staðlamál er samstarfsvettvangur ólíkra stofnana og samtaka sem koma að öryggi vöru á markaði og staðlamálum með einum eða öðrum hætti. Í hópnum sitja auk

fulltrúa Löggildingarstofu, fulltrúar Hollustuverndar ríkisins, Samkeppnisstofnunar, Neytendasamtakanna, Umferðarráðs, Vinnueftirlits ríkisins, Staðlarráðs, Árvekni og Landlæknisembættisins. Löggildingarstofa hafði umsjón með starfsemi hópsins og voru alls haldnir 7 fundir á árinu.

Samskipti eftirlitsstjórnvalda og tollyfirvalda

Til að gera starf að markaðsgæslumálum virkara hefur verið litið til tollyfirvalda og möguleika á samstarfi með því markmiði að koma í veg fyrir innflutning á vöru sem ekki uppfyllir gerðar kröfur. Haldinn var fundur með tollyfirvöldum þar sem farið var yfir stöðu mála og möguleikar á samstarfi ræddir.

Samræmd slysaskráning

Mikil vinna hefur verið lögð í það á undanförunum árum að koma á samstarfi við heilbrigðisyfirvöld um skráningu slysa af völdum vöru. Á árinu var unnið að samræmdri slysaskráningu á vegum Landlæknisembættisins og lagði markaðsgæsludeild fram markvissar tillögur um tilhögun skráningar á slysum af völdum vöru.

Erlend samskipti

Talsvert stór hluti af starfsemi deildarinnar felst í samskiptum við ESB, EFTA og ESA. Þetta á einkum við um þátttöku í vinnuhópum og nefndum, beiðnir um skýrslur og upplýsingar en markmið þessara samskipta er að tryggja einsleitni markaðarins og samræmingu á sviði vöruöryggis. Neytendavernd og vöruöryggismál eru í eðli sínu alþjóðleg og því hefur einnig verið litið til starfsemi bandarísku vöruöryggisstofnunarinnar, CPSC.

Markaðsgæsludeild tók þátt í evrópskum vinnuhóp um öryggi neytenda, þar sem megináherslan var lögð á endurskoðun tilskipunar um öryggi framleiðsluvöru. Aðildarlöndin hafa frest til 1. janúar 2003 til að koma efni endurskoðaðrar tilskipunar í framkvæmd. Helstu nýmæli felast í því að tilskipunin nær nú einnig til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöru, staðlar fá aukið vægi og aukin ábyrgð er lögð á framleiðendur/dreifingaraðila vöru. Valdsvið og ábyrgð aðildarríkja gagnvart markaðsgæslu er aukin til muna og gert er ráð fyrir auknu samstarfi eftirlitsstjórnvalda á EES svæðinu og mun Rapex kerfið verða eftt enn frekar í því skyni.

Í samræmi við 10. gr. tilskipunar um öryggi framleiðsluvöru starfar nefnd sem fjallar um málefni sem



varðar tilskipunina. EFTA löndin hafa áheyrnarfulltrúa á fundum nefndarinnar og hefur verið fylgst með störfum nefndarinnar.

Á vegum EFTA er starfandi sérfræðinganefnd um vöruöryggi og öryggi leikfanga og tók deildarstjóri markaðsgæsludeildar við formennsku í nefndinni á árinu. Auk þess hefur markaðsgæsludeild tekið þátt í starfi PROSAFE, samtökum markaðsgæsluáðila á Evrópska efnahagssvæðinu og ANEC, samtaka neytenda á sviði staðlamála á Evrópska efnahagssvæðinu.

Á norrænum vettvangi á deildin sæti í stýrihóp um vöruöryggi, vinnuhóp um vöruöryggi og vinnuhóp um staðlamál á neytendasviðinu.

Flutt var erindi á ráðstefnu EOTC, European Organisation for Conformity Assessment (áður European Organisation for Testing and Certification) í Brüssel, 5.-6. apríl. Fyrirlesturinn fjallaði um það kerfi sem þróað hefur verið hér á landi á sviði markaðseftirlits, þ.e. að semja við faggiltar skoðunarstofur um eftirlit á markaði og framkvæmd skoðana skv. ítarlegum skoðunar- og verklagsreglum. Vakti íslenska erindið talsverða athygli ráðstefnugesta.

Á árinu var sótt um styrk til framkvæmdastjórnar ESB, DG-Sanco, í því skyni að fjármagna uppsetningu vefseturs með samræmdum upplýsingum um málefni er varða öryggi vöru og þjónustu.



Mælifræðideild varðveitir landsmæligrunna Íslands (*p.m.t. íslenska kílógrammið*), kvarðar mælitæki, sér um löggildingu mælitækja og vigtarmanna og hefur eftirlit með því að löggildingarskyld mælitæki séu löggilt. Landsmæligrunnar eru þeir mæligrunnar sem ætlað er að vera viðmið fyrir mælingar á Íslandi og hefur Löggildingarstofa það lögbundna hlutverk að afla og viðhalda landsmæligrunnum Íslands. Neytendur, nútímavinnubrögð, vísindi og tækni krefjast einnig nákvæmari mælinga og því er afar mikilvægt að mælingar í iðnaði, verslun og annars staðar í samfélaginu séu áreiðanlegar, m.a. til að meta kostnað og eiginleika vöru. Hlutverk deildarinnar er einnig að tryggja að mælingar hér á landi uppfylli alþjóðakröfur og að alþjóðlega einingakerfið sé notað hér á landi. Til að tryggja rekjanleika mælinga á Íslandi til alþjóðlegra viðmiðana þá veitir Löggildingarstofa margvíslega kvörðunarþjónustu og er leitast við að hafa hana samkeppnishæfa við það besta í sambærilegri þjónustu í Evrópu. Auk þessa veitir mælifræðideild gerðarviðurkenningar fyrir ákveðin mælitæki, þegar þau eru löggildingarskyld, en engar EES-reglugerðir ná yfir gerðarviðurkenningar fyrir þau.

Kvarðanir


Mælifræðideild Löggildingarstofu býður upp á margvíslega þjónustu tengda kvörðunum mælitækja. Með kvörðun er átt við samanburð mælitæk-

is við annað mælitæki sem hefur þekktu eiginleika, gjarnan nefnt mæligrunnur. Kvörðun felur sjaldnast í sér stillingu eða fasta stærð mælitækis heldur er hún skjalfesting á mælifræðilegum eiginleikum tækisins.

Kvarðanir á vegum mælifræðideildar eru flestar á sviði massa en einnig eru framkvæmdar kvarðanir á hitamælum, rafmagnsmælum og þrýstimælum. Helstu viðskiptavinir eru stór iðnfyrirtæki sem reka gæðakerfi. Á árinu voru fjöldi og tegundir kvarðana svipaðar og síðastliðin 2 ár. Vottorð sem gefin voru út á árinu voru 109 og fjöldi kvarðaðra tækja var 287.

Skipting kvarðana eftir fyrirtækjum árið 2000

Hvítar súlur sýna fjölda vottorða en litaðar fjölda tækja



Landsmæligrunnar

Á árinu voru tveir rafmæligrunnar og landsmæligrunnur fyrir massa (1 mg til 20 kg) sendir til kvörðunar. Enginn nýr mælibúnaður var keyptur á árinu en framundan er mikil uppbygging á mælifræðibúnaði sem eykur möguleika deildarinnar á viðtækara starfi á þessu sviði í þágu neytenda og notenda mælitækja.

Löggildingar og eftirlit

Samkvæmt lögum nr. 100/1992 ber að láta löggilda öll mælitæki sem notuð eru til að ákveða verð í viðskiptum ofl. Það er á ábyrgð mælitækjaeigenda að sjá til þess að mælitæki séu löggilt áður en þau eru tekin í notkun í fyrsta sinn og síðan með reglulegu millibili í samræmi við ákveðin fyrirmæli. Löggildingarstofa hefur eftirlit með að svo sé. Mælifræðilegt eftirlit er hægt að vinna með ýmsum hætti en sú aðferð að löggilda mælitæki er mest notaða aðferðin hérlendis sem og víða erlendis.


Í lok ársins var unnið að undirbúningi löggildinga á heitavatnsmælum og raforkumælum og í desember 2000 hóf mælifræðideild að löggilda heitavatnsmæla. Fyrsta löggildingarvottorð um heitavatnsmæla var formlega gefið út í janúar 2001. Í framtíðinni verður löggilding ofangreindra orkumæla falin faggiltri prófunarstofu en yfirumsjón og stjórnvaldsþátturinn verður sem fyrr í höndum Löggildingarstofu.

Námskeið til löggildingar vigtarmanna hófust árið 1990 og eru slík námskeið haldin reglulega, í Reykjavík og víða um land. Löggilding vigtarmanns gildir í 5 ár. Löggilding vigtarmanns að afloknu námskeiði er vottun á hæfni starfsmanns og yfirlýsing um að honum sé leyfilegt að votta á vigtarseðil magn og tegund þess sem vegið er eins og um embættismann væri að ræða. Réttindanámskeið til löggildingar nýrra vigtarmanna eru þriggja daga en námskeið til að endurnýja réttindin eftir 5 ár taka einn dag. Alls voru haldin 8 námskeið til löggildingar vigtarmanna á árinu og voru gefin út 72 ný skírteini og 71 endurnýjunarskírteini.

Löggildingar ósjálfvirkra og sjálfvirkra voga, vínmála og rúmmálmæla fyrir vökva, aðra en vatn, (bensíndælur o.fl.) hafa verið faldar Frumherja hf., faggiltrar prófunarstofu. Kökuritið gefur yfirlit um löggildingar árið 2000 og ástand tækjanna þegar komið er til að löggilda vogir og bensíndælur.


Vogir og bensíndælur 2000

Fjöldi löggildinga 3626



Á árinu fóru fulltrúar mælifræðideildar um landið og könnuðu löggildingarstöðu mælitækja, einkum ósjálfvirkra voga. Slíkar kannanir afla Löggildingarstofu þekkingar, gefa yfirsýn á ástand á vettvangi og veita eigendum mælitækja bæði aðhald, um að hafa mælitæki lögleg, auk þjónustu og fræðslu af hálfu mælifræðideildar. Heimsótt voru 512 fyrirtæki á árinu og 1325 vogir skoðaðar. Flestar vogirnar voru til notkunar í fiskvinnslu og verslunum en einnig voru skoðaðar vogir hjá fyrirtækjum í matvælavinnslu, iðnaði og við þjónustu.

Eftirlit með vogum árið 2000, allar greinar



Reglugerðir

Mikil vinna var lögð í endurskoðun og gerð reglugerða af hálfu mælifræðideildar á árinu. Leitað var eftir umsögn aðila sem starfa eftir reglugerðunum, m.a. var leitað til Orkuveitu Reykjavíkur, Samorku, Orkubús Vestfjarða, Rafmagnsveitna ríkisins og Frumherja hf.



Eftirtaldar reglugerðir komu út á árinu:

- Reglugerð nr. 648 um starfshætt þeirra sem annast löggildingar í umboði Löggildingarstofu.
- Reglugerð nr. 608 um vínmál og löggildingu þeirra.
- Reglugerð nr. 616 um ósjálfvirkar vogir.
- Reglugerð nr. 610 um löggildingu ósjálfvirkra voga (endurskoðuð 57/2001).
- Reglugerð nr. 615 um heitavatnsmæla.
- Reglugerð nr. 604 um löggildingu heitavatnsmæla.
- Reglugerð nr. 612 um breytingu á reglugerð nr. 138 um raforkumæla.
- Reglugerð nr. 603 um löggildingu raforkumæla.

Reglugerðir nr. 603 og 604 voru samdar frá grunni, reglugerðir nr. 612 og 615 voru endurskoðaðar og við þær bætt viðaukum vegna nýrrar tækni en í hinum tilfellunum var um endurskoðun að ræða.

Fundir og fræðsla

Eftir útgáfu reglugerða um ósjálfvirkar vogir voru haldnir vogadagar, fræðslu- og kynningarfundir dagana 14.-20. nóvember. Haldnir voru fundir með aðilum í sölu, sorphirðu, lyfjagerð og einnig með starfsfólki á sjúkrahúsum, í verzlunum, hjá oliufélögum, í löggæslu og við póstdreifingu. Um 50 manns sóttu fundina og fullyrða má að þeir hafi verið fræðandi og gagnlegir fyrir alla.

Samfara Vogadögum gaf mælifræðideild Löggildingarstofu út fjórblöðunginn *Reglur um ósjálfvirkar vogir og löggildingar þeirra* en bæklingurinn hefur að geyma fróðleik fyrir eigendur, notendur og seljendur voga. Einnig var gefinn út bæklingurinn *Hvað þarf ég sem neytandi að vita um vogir?* en í honum má finna fróðleik fyrir neytendur um vogir og löggildingu þeirra.

Með lögum nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga var fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála komið í nútímalegra horf. Dregið var úr beinu eftirliti stjórnvalda en ábyrgð aukin hjá fagmönnum, eigendum og umráðamönnum raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, m.a. með kröfu um innri öryggisstjórnun hjá raforkufyrirtækjum og lög-giltum rafverktökum.

Rafmagnsöryggisdeild Löggildingarstofu hefur yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum, markaðseftirliti raffanga og skoðunum á raforkuvirkjum, neysluveitum og öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka.

Þá löggildir deildin rafverktaka, annast skráningu og rannsóknir á slysum og tjóni af völdum rafmagns og gefur út kynningar- og fræðsluefni um rafmagnsöryggi.

Öryggi raforkuvirkja

Innra öryggisstjórnunarkerfi rafveitna

Með innri öryggisstjórnun er leitast við að tryggja öryggi og rekstur raforkuvirkja og auka öryggi starfsmanna fyrirtækjanna. Öll raforkufyrirtæki landsins hafa unnið markvisst að því að koma á gæðakerfi í starfsemi sinni. Faggiltar skoðunarstofur á rafmagns-sviði, með þátttöku starfsmanna Löggildingarstofu, hafa tekið út gæðakerfi raforkufyrirtækja samkvæmt skilgreindum verklags- og skoðunarreglum Löggildingarstofu. Reynslan af innri öryggisstjórnun raforkufyrirtækjanna er mjög góð, t.d. er ábyrgðarskipting skýrari og innbyggður hvati til að auka fagleg og skipuleg vinnubrögð öllum til hagsbóta. Nær öll raforkufyrirtækin hafa nú fengið viðurkenningu Löggildingarstofu á að innri öryggisstjórnun þeirra uppfylli settar reglur.

Innri öryggisstjórnun iðjuvera og einkarafstöðva

Á árinu var gengið eftir því að forráðamenn iðjuvera og einkarafstöðva gerðu á sama hátt og raforkufyrirtækin grein fyrir skipulagi öryggismála varðandi öryggi og rekstur eigin raforkuvirkja. Rafmagnsöryggisdeild aðstoðaði við túlkun og útskýringar á þeim kröfum sem gerðar eru í þessum efnun.

Gagnagrunnur um öryggisstjórnunarkerfi rafveitna

Á haustmánuðum hófst vinna við gerð gagnagrunns þar sem skráðar eru allar upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfi rafveitna, svo sem skoðanir á

skjalfestu kerfi, virkniskoðanir og skoðanir á virkjunum, ásamt skráningum á þeim athugasemdum sem gerðar eru í skoðunum. Þessar upplýsingar verða síðan nýttar til fræðslu fyrir starfsmenn rafveitna.

Breyting á orkulögum - ný raforkulög

Samkvæmt frumvarpi til nýrra raforkulaga er lagt til að Löggildingarstofa hafi eftirlit með gæðum og afhendingaröryggi raforku. Í því tilefni var á síðasta ári skipaður starfshópur á vegum Löggildingarstofu til að fara yfir frumvarpsdrögin og koma með tillögur um hvernig best væri að standa að fyrrgreindu eftirliti. Ljóst er að um er að ræða umfangsmikið verkefni sem Löggildingarstofa mun væntanlega taka að sér.

Smávirkanir

Á síðasta ári var skipuð samstarfsnefnd Löggildingarstofu, RARIK og Samtaka raforkubænda til þess að kanna hvort, og þá með hvaða hætti, hægt væri að taka upp samrekstur dreifikerfis RARIK og smávirkanja hjá bændum. Nefndin lagði fram tillögur og koma þær fram í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins *Raforkubændur, hagkvæmni, tækni og möguleikar*. Í kjölfar skýrslunnar samdi rafmagnsöryggisdeild leiðbeiningar um spennusetningu smávirkanja.


Öryggi neysluveitna

Öryggisstjórnun rafverktaka

Í lögum er gerð krafa um að löggiltir rafverktakar komi sér upp innri öryggisstjórnun með eigin starfsemi. Það hefur í för með sér að rafverktakar vinna eftir gæðakerfi sem m.a. tryggir að öll verk sem unnin eru í þeirra nafni séu yfirfarin í verklok og þannig tryggt að raflagnir og rafbúnaður fullnægi öryggiskröfum frá upphafi.

Með slíku fyrirkomulagi fæst virkt og stöðugt rafmagnseftirlit og á móti er hægt að draga úr eftirliti opinberra aðila.

Fjöldi tilkynnta neysluveitna árin 1997 - 2000



Í árslok voru 463 rafverktakar með löggildingu Löggildingarstofu til rafvirkjunarstarfa og hafa þeir allir staðfest að þeir hafi skilgreinda og virka öryggisstjórnun með eigin starfsemi.

Alls voru 44 rafverktakar heimsóttir og þeim kynnt fyrirkomulag rafmagnsöryggismála. Áætlað er að fjölga heimsóknum verulega á þessu ári.

Löggilding rafverktaka

Á árinu hlutu 16 nýir rafverktakar löggildingu og 144 rafverktakar endurnýjuðu löggildingu sína til næstu fimm ára.


Rafmagnsöryggisdeild lét skoða öryggisstjórnun hjá 28 rafverktökum víða um land. Alls voru sendar 315 skriflegar fyrirspurnir til rafverktaka, 82 ítrekanir og 11 voru áminntir.

Eftirlit með neysluveitum

Rafmagnsöryggisdeild velur í úrtak ákveðinn hundradshluta nýrra neysluveitna sem rafverktakar tilkynna og lætur faggiltar skoðunarstofur skoða þær. Upplýsingar um tilkynntar veitur berast deildinni beint frá rafveitum.

Á árinu bárust rafmagnsöryggisdeild tilkynningar um alls 2350 neysluveitur og af þeim voru 624 veitur valdar í skoðun, eða u.þ.b. 27%. Skoðaðar voru 298 veitur í 1. áhættuflokki (*íbúðarhúsnæði*) og 326 veitur í 2. áhættuflokki (*iðnaðarhúsnæði, opinberar byggingar*).

Fjöldi tilkynninga og skoðaðra neysluveitna árið 2000



Rafmagnsöryggisdeild velur árlega neysluveitur í rekstri til skoðunar. Á síðasta ári lét rafmagnsöryggisdeild skoða 378 neysluveitur í rekstri í mismunandi áhættuflokkum. Upplýsingar úr þessum skoðunum eru síðan nýttar til forvarna og fræðslu um hættu af völdum rafmagns.

Athugun á ástandi raflagna í hesthúsum

Löggildingarstofa stóð á síðasta ári fyrir umfangsmikilli athugun á ástandi raflagna í hesthúsum. Rúmlega hundrað hesthús vítt og breitt um landið voru skoðuð af óháðum faggiltum skoðunarstofum. Markmiðið með skoðuninum var að fá sem gleggsta mynd af ástandi raflagna og rafbúnaðar í hesthúsum og koma ábendingum á framfæri til eigenda og umráðamanna hesthúsa um það sem betur má fara. Niðurstöður þessarar athugunar leiddu í ljós að raflögnum og rafbúnaði í íslenskum hesthúsum var víða ábótavant.


Skýrslu Löggildingarstofu um ástand raflagna í hesthúsum var í framhaldinu komið á framfæri við eigendur hesthúsa og aðra hagsmunadila, auk annarra áhugamanna um hestamennsku og löggiltra rafverktaka.

Gagnagrunnur um neysluveitur

Á árinu var komið á fót gagnagrunni um nýjar og gamlar neysluveitur í landinu ásamt upplýsingum um alla löggilta rafverktaka. Í gagnagrunninum eru upplýsingar um neysluveitur sem skoðaðar hafa verið, svo sem notkun húsnæðis, fjölda athugasemda, flokkun þeirra, ásamt upplýsingum um hvaða rafverktakar hafa unnið við viðkomandi neysluveitur. Einnig eru þar upplýsingar um öryggisstjórnunarferfi löggiltra rafverktaka.

Með tilkomu grunnsins verður eftirlit rafmagnsöryggisdeildar með rafverktökum mun skilvirkara en áður og auðvelt að miðla upplýsingum úr grunninum á aðgengilegu formi, t.d. til almennings.

Skoðaðar neysluveitur í rekstri eftir notkun



Samning reglna - raflagnareglur í samræmi við CENELEC HD 384


Löggildingarstofa gerði á síðasta ári samning um þýðingu á rafmagnsstöðlum sem Evrópska rafstaðla-sambandið CENELEC gefur út. Staðlarnir fjalla um raflagnir í byggingum og munu koma í stað lágspennuhluta reglugerðar um raforkuvirki. Einnig var samið við Staðalráð Íslands um yfirferð og útgáfu á þýðingunni.

Markaðseftirlit með rafföngum

Eftirlit með rafföngum á markaði

Rafmagnsöryggisdeild hefur yfirumsjón með markaðseftirliti með rafföngum en faggilt skoðunarstofa sér um skoðanir samkvæmt gildandi samningi hverju sinni, verklagsreglum og skoðunarhandbók. Alls voru á síðasta ári framkvæmdar 1.010 skoðanir víðs vegar um land. Rafföng voru ýmist valin tilviljunarkennt, sem hluti af sérstökum átaksverkefnum, eða fundust eftir ábendingu. Deildin afgreiddi 24 innlendar ábendingar frá almenningi og fagfólki, auk 374 erlendra tilkynninga um hættuleg rafföng. Þá sinni deildin fjölda formlegra og óformlegra fyrirspurna varðandi skilyrði til markaðssetningar raffanga og annað er rafföngum tengist frá almenningi og fagfólki.

Markaðseftirlit raffanga árið 2000




Alls voru skoðuð 833 rafföng og voru gerðar athugasemdir við 227 þeirra eða 27%. Ekki er þó hægt að líta svo á að þetta sé lýsandi fyrir raffangamarkaðinn í heild, því í auknum mæli er reynt að beina skoðunum að grunsamlegum rafföngum í stað þess að beita tilviljunarkenndu úrtaki.

Alls voru gerðar 518 athugasemdir við þessi 227 rafföng. Athugasemdum við öryggi er skipt í þrjá

flokka, í flokki 1 eru minniháttar athugasemdir, í flokki 2 eru athugasemdir sem talið er að gætu valdið hættu og í flokki 3 eru athugasemdir sem talið er að valdi beinni hættu. Athugasemdir við formkröfur eru gerðar þegar CE-merki vantar og/eða þegar gögn til stuðnings samræmi berast ekki.

Rafmagnsöryggisdeild setti á árinu 100 sölubönn á rafföng, þ.a. 6 þar sem krafist var innköllunar viðkomandi raffanga, og sendi út 34 skrifleg tilmæli til söluaðila um úrbætur á rafföngum.

Fjöldi sölubanna og tilmæla



Samvinnunefnd

Öll formleg samskipti á milli rafmagnsöryggisdeildar og skoðunarstofu fara fram í samvinnunefnd sem hittist einu sinni í mánuði. Á þeim fundum er farið yfir skoðanir, reglur, skýrslur, skoðunaráætlanir og önnur atriði sem máli skipta.

Fræðslurit um markaðssetningu raffanga

Rafmagnsöryggisdeild gaf út á síðasta ári rit um markaðssetningu raffanga. Í ritinu sem nefnist *Reglur um markaðssetningu raffanga - Ábyrgð og skyldur framleiðenda, innflytjenda og endursöluaðila* er fjallað um reglur sem þessum aðilum ber að fara eftir við markaðssetningu raffanga.

Ritið er til leiðbeiningar þeim sem standa að markaðssetningu raffanga og fjallar fyrst og fremst um rafföng sem um gilda sameiginlegar reglur á Evrópska efnahagssvæðinu

Skoðunarstofur

Eftirlit með starfsemi skoðunarstofa á rafmagnssviði

Rafmagnsöryggisdeild hefur eftirlit með starfsemi skoðunarstofa sem hafa starfsleyfi Löggildingarstofu á rafmagnssviði. Haldnir eru fundir með

skoðunarstofum einu sinni í mánuði til þess að samræma skoðanir og ræða túlkunaratriði og vafa- og ágreiningsmál sem upp koma. Á árinu voru haldnir 11 fundir með skoðunarstofum.

Úttekt á starfsemi skoðunarstofa

Á síðasta ári gerði faggildingarsvið Löggildingarstofu úttekt á starfsemi Rafskoðunar ehf. og Frumherja hf. með þátttöku sérfræðinga rafmagnsöryggisdeildar. Úttekt var gerð á virkni gæðakerfisins hjá skoðunarstofunum ásamt vinnubrögðum skoðunarmanna við úttektir.

Rannsóknir og skráning slysa og tjóna af völdum rafmagns

Rannsóknir á brunum og slysum

Löggildingarstofa hefur um árabil veitt lögreglu sérfræðiaðstoð við rannsóknir á brunum með tilliti til þess hvort þeir hafi orðið af völdum rafmagns. Á árinu tók rafmagnsöryggisdeild þátt í 111 rannsóknum. Niðurstöður leiddu í ljós að í 72 tilvikum reyndist rafmagn eiga hlut að máli, ýmist vegna bilunar eða gáleysis í meðferð og notkun búnaðar, 28 brunar urðu af öðrum völdum og 11 reyndist ekki unnt að upplýsa.

Við nánari skoðun á flokkun bruna eftir uppruna og brunastað kemur í ljós að flesta rafmagnsbruna má rekja til rafmagnstækja eða 75%, 19% til raflagna (*fastalagna*), 3% til rafbúnaðar í iðnaði og 3% til rafbúnaðar raforkufyrirtækja.

Á síðasta ári urðu 49 brunar af völdum rafmagns á heimilum landsmanna og er það um 68% allra skráðra rafmagnsbruna það árið.


Þegar brunar á heimilum eru bornir saman við bruna í öðru húsnæði kemur í ljós að heimilin skera sig töluvert úr hvað varðar aðgæsluleysi og ranga notkun rafmagnstækja, enda eru brunar af völdum gamalla og bilaðra rafmagnstækja mun tíðari á heimilum en í öðru húsnæði.

Brunar af völdum raffanga (*rafmagnstækja*) urðu alls 54 á árinu og skáru brunar af völdum eldavéla sig verulega úr en þeir voru um 43 % allra bruna í þessum flokki. Helsta ástæðan virðist vera sú að fólk gleymir að slökkva á eldunartækjum að notkun lokinni.

Skýrsla um bruna og tjón af völdum rafmagns 1999

Rafmagnsöryggisdeild gaf út skýrslu um bruna og tjón af völdum rafmagns árið 1999. Í skýrslunni var fjallað um upplýsingasöfnun, orsök bruna, afleiðingar og brunastaði. Einnig var fjallað stuttlega um þau slys sem urðu af völdum rafmagns árið 1999. Birtar voru töflur sem lýsa skráðum brunum af völdum rafmagns á Íslandi á árunum 1985-1999. Skýrslan var kynnt í öllum helstu fjölmiðlum landsins.

Fjöldi bruna af völdum rafmagns eftir brunastað



Innlent samstarf

Samorka

Löggildingarstofa er aðili að Samorku (*Samtökum raforku-, hita- og vatnsveitna*). Á síðasta ári tók rafmagnsöryggisdeild þátt í reglulegum fundum samtakanna. Fjallað var um rafmagnsöryggismál almennt og samskipti Löggildingarstofu og raforkufyrirtækja.

Rafstaðlaráð / Staðlaráð

Löggildingarstofa er aðili að Rafstaðlaráði (RST) en ráðið er vettvangur þeirra sem vilja efla stöðlun á rafmagnssviði hér á landi.

Rafmagnsöryggisdeild hefur einnig átt töluverð samskipti við Staðlaráð Íslands og má þar sérstaklega nefna tækniráðsfundi CENELEC (BT) sem haldnir eru fjórum sinnum á ári. Þessa fundi situr fulltrúi Staðlaráðs sem hefur fundað með starfsmönnum rafmagnsöryggisdeildar fyrir og eftir umrædda tækniráðsfundi og rætt mál er deildina snerta.

Ljóstæknifélag Íslands

Löggildingarstofa er aðili að í Ljóstæknifélagi Íslands. Markmið félagsins er að stuðla að betri lýsingu og sjónskilyrðum og veita almenna, hlutlausu fræðslu um allt er varðar lýsingu og sjónstarf. Félagið vinnur að þessu markmiði sínu með því að stuðla að flutningi erinda, umræðum, útgáfu rita, námskeiðum og sýningum.

Rafmagnsöryggisráð

Árið 1998 var rafmagnsöryggisráð Löggildingarstofu stofnað. Í ráðinu sitja, auk fulltrúa Löggildingarstofu, fulltrúar Félags raftækjaheildsala, Samorku og Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði. Ráðinu er ætlað að vera forstjóra Löggildingarstofu til ráðgjafar um rafmagnsöryggismál. Á síðasta ári hélt ráðið 4 fundi. Helstu málefni sem ráðið fjallaði um voru:

- Starfsemi rafmagnsöryggisdeildar
- Frumvarp til nýrra raforkulaga
- Þingsályktunartillaga um rafmagnsöryggismál
- Öryggisstjórnun rafveitna og rafverktaka
- Eftirlit með neysluveitum í rekstri
- Fræðslumál

Nefnd um sviptingu löggildingar rafverktaka

Fulltrúar Samorku og Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, ásamt fulltrúa Löggildingarstofu, sitja í nefnd um sviptingu löggildingar rafverktaka. Nefndinni er ætlað að fjalla um mál rafverktaka sem ekki fara að settum reglum og leggja fram tillögur til forstjóra Löggildingarstofu vegna þeirra.

Samstarfsverkefni

Rafmagnsöryggisdeild tekur þátt í samstarfsverkefni nokkura stofnana og fyrirtækja um mælingar og skráningu á niðurslætti eldinga til jarðar hérlendis

Erlend samskipti

Norrænt samstarf

Samtök rafmagnsöryggisstofnana á Norðurlöndum, NSS, halda tvo fundi á ári þar sem fjallað er um sameiginleg rafmagnsöryggismál, svo sem reglugerðar- og staðlamál, rafmagnseftirlit, löggildingar rafverktaka, markaðseftirlit raffanga o.fl.

Þá eru starfandi á vegum NSS nokkrir vinnuhópar um einstök málefni, svo sem:

- Samstarfshópur um markaðseftirlit raffanga (NSS- MK)



- Samstarfshópur um samræmingu raflagna-reglna (NSS-AG5)
- Samstarfshópur um samræmdar skráningar slysa og tjóna (NSS- Analysegruppe)
- Vinnuhópur um löggildingingu rafverktaka

Samstarf á vegum EFTA/ESB

- LVD-ADCO. Samstarfshópur stjórnvalda á EES um markaðseftirlit með rafföngum v/lágspennutílskipunarinnar (LVD)
- EMC-ADCO. Samstarfshópur stjórnvalda á EES um markaðseftirlit með rafföngum v/tílskipunar um rafsegulsviðssamhæfi (EMC)
- LVD-Working Party. Ráðgefandi hópur sérfræðinga, stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila á EES um þróun lágspennutílskipunarinnar (LVD)
- EMC-Working Party. Ráðgefandi hópur sérfræðinga, stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila á EES um þróun tílskipunar um rafsegulsviðssamhæfi (EMC)
- ATEX-Standing Committee. Ráðgefandi hópur sérfræðinga, stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila á EES um þróun tílskipunar um búnað og verndarkerfi til notkunar á sprengihættustöðum (ATEX)

Tilkynningar um setningu tæknilegra reglna

Þann 1. júlí gerðu utanríkisráðuneytið og Löggildingarstofa með sér þjónustusamning varðandi upplýsingasamskipti. Samningurinn nær til upplýsingaskipta fyrir tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu á grundvelli EES-samningsins og samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir. Samningar þessir fela í sér að aðildarríkin hafa skuldbundið sig til að tryggja upplýsingaskipti sín á milli um fyrirhugaða setningu tæknilegra reglna. Tilgangurinn með upplýsingaskiptum þessum er að koma í veg fyrir að tæknilegar viðskiptahindranir myndist í milliríkjavíðskiptum vegna ólíkra krafna og/eða viðmiðana í landsreglum einstakra ríkja.

Með þjónustusamningnum felur utanríkisráðuneytið Löggildingarstofu að fara með í umboði sínu ákveðna þjónustu-, samræmingar- og framkvæmdaþætti vegna ofangreindra upplýsingaskipta. Má þar nefna skipulega flokkun, dreifingu og kynningu til-

kynninga sem hingað berast erlendis frá og undirbúning að tilkynningum íslenskra stjórnvalda um fyrirhugaða setningu tæknilegra reglna. Samningurinn er gerður með hliðsjón af lögum nr. 57/2000 um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, svo og reglugerð nr. 733/2000 um tilkynningar á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu.

Eðalmálmur

Löggildingarstofu var á árinu falið að undirbúa frumvarp til laga um vörur unnar úr eðalmálmum til þess að hér á landi tækju gildi sömu reglur á þessu sviði og í nágrannalöndum okkar. Sú vinna hófst í lok ársins og mun frumvarpið verða lagt fyrir Alþingi haustið 2001. Þar er kveðið á um framleiðslu, kaup, sölu og eftirlit á vörum unnum úr gulli, silfri og platinu. Við gerð frumvarpsdraganna hefur verið haft samráð við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Félag íslenskra gullsmiða.

